

Hverfisnefnd Brekku og Innbæjar

20. fundur

Þriðjudaginn 15. janúar 2008, kl. 20:30-21:50

í Brekkuskóla

Fundargerð

Mætt: Pétur, Hjörleifur, Bergljót, Kristín, Anna Kristveig, Kristján, Börkur

Eftirfarandi atriði voru tekin fyrir á fundinum:

1. Pétur sagði frá þróun mála í vinnuhópnum um göngu- og hjólreiðastíga. Verið er að ljúka við gerð teikninga af göngu- og hjólreiðastígakerfi um bæinn. Aðgengi hjólreiðafólks og gangandi að skólum bæjarins verður tekið sérstaklega fyrir. Fréست hefur af þessum teikningum Akureyringa suður til höfuðborgarinnar og þykir hjólreiðafólki þar norðanmenn vera til fyrirmyndar hvað þetta varðar. Þessum fréttum var að sjálfsögðu tekið fagnandi meðal nefndarfólks.
2. Ástand gangstétta á algengum gönguleiðum ferðafólks rætt og fallist á að nefndin sendi frá sér eftirfarandi álit til bæjaryfirvalda: “Nefndarfólk Hverfisnefndar Brekku og Innbæjar telur afar brýnt að gengið verði í það verk að gera endurbætur á þeim gönguleiðum sem eru fjölfarnar af ferðafólki á sumrin. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að laga gangstéttir upp úr Gilinu (Kaupvangsstræti) og upp Eyrarlandsveginn að Lystigarði. Eins þarf að laga gangstéttir upp frá Gilinu og að Andapólli. Svo er nauðsynlegt að hafist verði handa við fyrirhugaðar framkvæmdir á Andapollssvæðinu. Á öllum þessum ofangreindum svæðum eru gangstéttir löngu úr sér gengnar og sumar beinlínis hættulegar. Þeir sem leið eiga þarna um þekkja mjög vel misháar gangstéttarhellur sem alltof auðvelt er að detta um. Auk þess eiga þessi fjölförnu svæði að vera okkur bæjarbúum til sóma en ástand stéttana er eins og er ekki til mikillar þrýði. Einnig telur nefndarfólk að athuga þurfi hvort ekki megi breikka gangstéttirnar, enda eru þær heldur mjóar á flestum þessum stöðum. Nauðsynlegt er að gera göngu- og hjólreiðastíg úr Innbænum, meðfram Spítalavegi. Mikilvægt er að gengið verði í endurbætur og framkvæmdir á þessum svæðum sem fyrst, helst nú með vorinu”.
3. Ræddar hugmyndir að hverfishátíð. Ákveðið að halda slíka hátíð í lok maí nú í vor og þá laugardaginn 31. maí. Bergljót gengur í það að koma á samstarfi við starfsfólk og nemendur í Leikskólanum Hólmasól og í Brekkuskóla um hátíðina.
4. Næsti fundur nefndarinnar verður annan þriðjudag í febrúar og er það 12. febrúar, klukkan 20:30 í Brekkuskóla.

Fundi slitið kl. 21:50